

Áttundi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn miðvikudaginn 22. janúar 2014 í fundarherbergi á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 16:30.

Vakin athygli á breyttu númerakerfi. Í stað þess að telja fundi frá upphafi árs er nú talið áfram frá síðasta ári og þessi fyrsti fundur ársins því númer 8.

Fundinn sátu: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Haraldur Eyvinds Þrastarson, Hugrún Þorgeirsdóttir, Magnús Dalberg, Leifur Guðjónsson, Þorsteinn Narfason og Árni Davíðsson sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Umsóknir um starfsleyfi á sviði matvæla- og hollustuhátta og mengunarvarna.

- a. Justyna Wójak sækir um leyfi fyrir sérverslun með tóbak Jubi ehf. að Eiðistorgi 13 á Seltjarnarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 5. nóvember 2013.
„Staðfest“
- b. Baldur Pálsson f.h. Leikskóla Seltjarnarnes sækir um starfsleyfi fyrir leikskóladeildina Holt með aðsetur í Seltjarnarneskirkju á Seltjarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla og skóla til 12 ára dagsett 14. nóvember 2013.
„Staðfest“
- c. Kári Pálsson sækir um leyfi fyrir gististað, útleigu á sumarhúsi að Árbraut 2 í Kjós. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu með starfsleyfisskilyrðum fyrir heimagistingu til 12 ára dagsett 17. desember 2013.
„Staðfest“
- d. Matfugl ehf. sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir alifuglasláturhúsi að Völuteigi 2, Mosfellsbæ. Með umsókninni fylgir ósk um að skilyrðum varðandi hreinsun frárennslis í núgildandi starfsleyfi verði breytt í nýju starfsleyfi.
Lögð fram umsögn umhverfisstjóra Mosfellsbæjar dagsett 9. janúar 2014 um breytingu á gildandi kröfum vegna frárennslis þannig að efnafræðilegri meðhöndlun fráveituvatns verði aflétt.
„Heilbrigðisnefnd er jákvæð fyrir breytingu á starfsleyfisskilyrðum varðandi hreinsun fráveituvatns. Framkvæmdastjóra er falið að útfæra nánar ákvæði starfsleyfisskilyrða í samræmi við ofangreint fyrir næsta fund.“
- e. Gunnar Leó Helgason óskar eftir, með erindi dagsettu 2. desember 2013, að stækkun á kjúklingabúi Kraftunga falli undir gildandi starfsleyfi.
Jafnframt lögð fram umsögn byggingafulltrúa Kjósarhrepps um málið dagsett 9. janúar 2014.
„Heilbrigðisnefnd fellst á að stækkun á kjúklingabúi Kraftunga ehf. falli undir gildandi starfsleyfi, enda hefur bygginganefnd Kjósarsvæðis þegar samþykkt stækkunina og hún felur ekki í sér að gera þurfi auknar kröfur til starfseminnar vegna mengunarvarna frá því sem er í gildandi starfsleyfi.“

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

2. Umsóknir um tóbaksleyfi.

- a. Justyna Wójak sækir um leyfi til tóbakssölu fyrir sérverslun með tóbak Jubi ehf. að Eiðistorgi 13 á Seltjarnarnarnesi. Leyfið var gefið út af heilbrigðiseftirlitinu skv. 8. gr. tóbaksvarnarlaga til 4 ára dagsett 5. nóvember 2013.
„Staðfest“

3. Tímabundin starfsleyfi

- a. Soffía Karlsdóttir sækir um tímabundið starfsleyfi til að halda litla brennu á Valhúsahæð Seltjarnarnesi þann 31. desember 2013.
- b. Ásgeir Sveinsson sækir um tímabundið leyfi til að halda litla brennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ þann 31. desember
- c. Gísli Snorrason sækir um tímabundið starfsleyfi til að halda litla brennu neðan Holtahverfis í Mosfellsbæ þann 4. janúar 2014.

*Heilbrigðiseftirlitið afgreiddi ofangreind leyfi þann 10. desember 2013.
„Staðfest“*

4. Umsagnir

- a. Eyrarkot í Kjós, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki I, tegund samkomusalur.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 22. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
*Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 4. desember.
„Staðfest“*
- b. Eyrarkot í Kjós, rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki I, tegund heimagisting.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 22. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
*Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 4. desember.
„Staðfest“*
- c. Golfskáli Golfklúbbs Ness, rekstrarleyfi fyrir veitingahús í flokki II, tegund veitingahús.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 19. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
*Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 4. desember, mælt með flokkun sem „veitingastofa“.
„Staðfest“*
- d. Árbraut 2 í Kjós, rekstrarleyfi fyrir gististað flokki II, tegund sumarhús.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 19. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
*Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 10. desember.
„Staðfest“*
- e. Veislugarður ehf. Háholti 2 Mosfellsbæ, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, tegund veitingahús.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 5. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
*Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 19. desember.
„Staðfest“*

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

- f. Félagsheimili Seltjarnarness, rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki III, tegund samkomusalur.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 29. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar um umsókn um endurnýjun fyrir þennan stað.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 20. desember.
„Staðfest“
- g. Þorablót Íþróttamiðstöðinni Varmá, tímabundið áfengisveitingaleyfi fyrir Þrumur og eldingar til að halda þorablót 25. janúar 2014 frá kl. 19 til kl. 03.
Lagt fram bréf Lögreglustjórans í Reykjavík dags. 6. janúar 2014 þar sem óskað er umsagnar um þessa umsókn.
Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits er dagsett 9. janúar 2014.
„Staðfest“
- h. Umsögn heilbrigðiseftirlits um lýsingu deiliskipulags fyrir orlofsþorp úr landi Miðdals 1 í Mosfellsbæ, umsögn heilbrigðiseftirlitsins er dagsett 4. desember 2013.
Lagt fram.
- i. Lagt fram bréf bæjarráðs Mosfellsbæjar dagsett 2. desember 2013 þar sem óskað er umsagnar heilbrigðiseftirlits um erindi Guðnýjar Halldórsdóttur og Guðnýjar Dóru Gestsdóttur varðandi dreifingu á skít frá Dalsbúi í Helgadal. Jafnframt lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 6. janúar 2014.
Lagt fram.
- j. Erindi Skipulagsstofnunar dagsett 27. desember 2014 þar sem óskað er eftir umsögn um gasgerðarstöð Sorpu í Álfsnesi.
Lögð fram skýrsla Mannvits frá desember 2013 Tilkynning til ákvörðunar um matskyldu framkvæmdar. Framlengdur frestur til að svara erindinu er til 31. janúar 2014.
„Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá umsögn í samræmi við umræður á fundinum.“

5. Tilboð Matvælastofnunar um innleiðingu á breytingum í eftirlitskerfi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga dagsett 6. desember 2013 var lagt fram.

„Framkvæmdastjóra er gefið umboð til að taka ákvörðun um framhald málsins.“

6. Mál er varðar hund í Mosfellsbæ sem beit barn þann 12.12 2013.

Fyrir liggur lögreglukæra, tilkynning heilbrigðiseftirlits til aðila máls, umsögn héraðsdýralæknis, skýrsla sérgreinadýralæknis skapgerðarmat. Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið ákvörðun í málinu og hefur kynnt aðilum máls niðurstöðuna.

Kynnt.

7. Fundir

- a. 101 fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var lögð fram til kynningar. Með fundargerðinni fylgir Ársskýrsla framkvæmdastjórnarinnar fyrir árið 2013. Framkvæmdastjóri kynnti að haldinn verður fundur n.k. mánudag þar sem Verkfræðistofan Vatnaskil mun skýra betur greinargerð um samantektartöflu vegna afmörkunar vatnsverndar. Gert er ráð fyrir að málið fari fyrir heilbrigðisnefnd á næsta fundi.
- b. Framkvæmdastjóri greindi frá bruna á sumarhúsi í landi Elliðakots-Fjarsvæði B.

Fundi slitið kl. 18:00.